

## Fundargerð

### 3. fundar stjórnar Herjólfss ohf.

Stjórnarfundur Herjólfss ohf., dags. 5. júní 2018, kl. 20.30.

Símafundur.

Mættir: Grímur Gíslason, Lúðvík Bergvinsson, Kristín Jóhannsdóttir, Páll Guðmundsson, Arndís Bára Ingimarsdóttir.

#### Dagskrá:

1. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar:

Samþykkt að fresta afgreiðslu fundargerðar síðasta fundar til næsta fundar, þar sem um símafund er að ræða.

2. Ráðning verkefnastjóra/framkvæmdastjóra Herjólfss ohf.:

Grímur og Lúðvík fóru yfir fundi sem þeir höfðu átt með Capacent ofl. vegna ráðningar verkefnastjóra. Stjórnin var upplýst um að þeir hafi hitt þrjá aðila, en Capacent hafði metið þá alla sem góða kosti til starfars. Niðurstaða Capacent var samt sú að rétt væri að leita samninga við Gunnar Karl Guðmundsson. Tillaga um það var lögð fram.

Samþykkt var að heimila Lúðvík Bergvinssyni að ganga til samninga við Gunnar Karl Guðmundsson í því skyni að gera við hann verktakasamning til a.m.k. fimm mánaða, þ.e. til 1. nóvember 2018 um að sinna starfinu. Lúðvík fékk heimild stjórnar til að undirritað verktakasamning við Gunnar í umboði félagsins í samræmi við þær umræður sem fram fóru á fundinum.

Þá var enn fremur samþykkt að auglýsa opinberlega eftir framkvæmdastjóra í júlí nk., þannig að hægt verði að vinna að þeirri ráðningu af yfirvegun og án allrar tímapressu með það að leiðarljósi að sá sem verður ráðinn geti hafið störf hjá félaginu í síðasta lagi þann 1. nóvember nk.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið

Fundi lauk um kl. 21.00.

Lúðvík Bergvinsson ritaði fundargerð.